



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

73. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn í kennara-
stofu skólans miðvikudag 4. nóvember 1982 kl. 17.00. Fundinn
sóttu: Jón Böðvarsson, skólameistari, Gunnar Sveinsson, formaður
skólanefndar, Ingólfur Halldórsson, aðstoðarskólameistari,
Ómar Bjarnþórsson, Ingimundur Guðnason, Halldór Guðmundsson,
Hreinn Ásgrímsson, Bogi Hallgrímsson, Sturlaugur Ólafsson,
fulltrúi kennara, Kalla Björg Karlsdóttir, fulltrúi nemenda
og Valtýr Guðjónsson, ritari skólanefndar.

Þetta var tekið fyrir:

1. Skólameistari flutti skýrslu um Bandaríkjaför sína, en Skóla-
meistarafélag Íslands gekkst fyrir fræðslu - og kynningarferð
þangað dagana 1. - 15. október s.l. Þátttakendur voru 10
skólastjórnarmenn, og að auki 5 eiginkonur. Fararstjórinn
Bryndís Víglundsdóttir undirbjó ferðina, og aflaði upplýs-
inga um óskir þátttakenda með góðum fyrirvara og sendi
vestur um haf.

Menntamálaráðuneytið í Washington skipulagði síðan heimsóknir
hópsins í skóla með hliðsjón af þeim.

Tilhögun ferðarinnar var með þeim hætti að fyrri vikuna
dvöldu þátttakendur í Cambridge, einni af útborgum Boston,
og kynntu sér skólahald í eftirtöldum 5 skólum:

Brooklyn High School,

Northeastern University,

Quincy Vocational and Technical School,

Bunker Hill Community College,

Boston Latin School.

Síðari vikuna dvaldi hópurinn í New York þar sem heimsóttur
var La Guardia Community College. Í tengslum við þá heim-
sókn var farin skoðunarferð í McGraw Hill bókaútgáfufyrir-
tækið í New York

Dómur þátttakenda var að heildarskipulag ferðarinnar hafi
verið með ágætum, og tekist hafi að sinna öllum óskum frá
hinum almennu skólum og sérskólum einnig að nokkru með aðstoð
fararstjóra meðan á ferðinni stóð. Telja skólameistarar sig
hafa haft mikið gagn af ferðinni, því margt af því sem þeir

kynntust um stjórn og fyrirkomulag skólastarfs þar vestra er frábrugðið því sem hér gerist, sumt betra - annað lakara. Auk framanritaðrar skýrslu lagði skólameistari fram drög að greinargerð um hvern hinna framanfrituðu skóla, og svaraði fyrirspurnum einstakra nefndarmanna, Greinargerðin verður afhent nefndarmönnum og forsvarsmönnum sveitarfélaga þegar hún er að dómi skólameistara fullgerð.

2. Valtýr Guðjónsson lagði fram reikningsyfirlit skólans til 1. nóv s.l.

Til fjárfestingar hefur þegar verið varið kr. 1.715.184.og
til rekstrar 2.984.407

Áætlun ársins var 2.100.000 til fjárfestingar, og í rekstur kr. 3.826.000. Kennaralaun eru ekki meðtalin þar sem þau eru yfirleitt greidd að fullu beint af ráðkissjóði.

Fram komaað ráðkissjóður telur sig þegar hafa ofgreitt til skólans um s.á. mánaðarmót miðað við fjárlög ársins.

Virðist þetta stafa af því, að hluti af aukafjárveitingu til skólans hefur verið færður á yfirstandandi ár, (260.000), og þarf að fá þetta leiðrétt. Auk þess munu laun kennara hafa verið vanáætluð fyrir árið 1982 af menntamálaráðuneyti. Auk þessa telur skólanefnd knýjandi að koma fram breytingartillögum við fjárlagafrumvarp fyrir árið 1983 þar sem stofnkostnaður er áætlaður kr. 300.000 en þarf að vera kr. 1.300.000. Rekstraráætlunin er auk þess óraunhæf miðað við óumflýjanðegar staðreyndir. Í nefnd voru kosnir Gunnar Sveinsson, Halldór Guðmundsson og Bogi Hallgrímsson, auk skólameistara og reikningshaldara til þess að framfylgja þessu.

3. Skólameistari skýrði frá að nú væri "Skólaskýrsla" að verða tilbúin í prentun. Er þar rakin upphafssaga skólans, saga hans síðan, nemendatal, kennaratal, reikningar skólans o.fl. Sigríður Bílddal, kennari hefur mest unnið að skýrslunni í samvinnu við skólameistara. Kostnaður við verkið mun ræddur í fyrrgreindri nefnd m.a. söluverð hefur.

4. Kalla Björg Karlsdóttir, formaður nemendafélags skólans, lagði fram bréf þar sem rætt er um "hagnýtar leiðir til úrlausnar því sem að í daglegu tali nemenda hefur verið nefnt mögulegtismál", og rætt hefur verið á fundum áður. Nemendur telja sig þurfa fullkomna máltíð daglega - ekki aðeins drykki og smurt brauð. Taldi hún ódýrustu leiðina fyrir sveitarfélögin að kaupa eða greiða vegna rekstrarinnar.

1. Mötuneytisörbylgjuðfn ca kr. 25.000
2. Frystikistur " " 20.000
3. Lítilsháttar kostnað sem verður við breytingu á matstofu. Matarpakkar eru ókeypis hjá GÖDA, á viðráðanlegu verði. Nemendur fara fram á að skólinn kosti 1. og 3. lið, en vilja sjálfir standa undir matarkostnaðinum.
5. Ingólfur Halldórsson lagði til að nemendur athuguðu betur viðskiptahliðina varðandi matarkaupin, og hvort í tengslum við þau mætti koma við fyrirgreiðslu úm tækjakaup hjá þeim sem selja matinn.
55. Kennarafélagið óskar eftir að keyptur verði frystiskápur/frystikista í eldhús kennara. Ástæður: Hagstæðari matarinnkaup, hagkvæmni í matarinnkaupum, hagræðing fyrir matráðskonu. Samþykkt var að fela þeim Ingimundi Guðmasyni og Hreini Ásgrímssyni athugun þessara mála (4 og 5), og bíða með afgreiðslu þeirra uns fyrir liggur niðurstaða af þeirra hálfu.
6. Ingólfur Halldórsson lagði fram uppkast að samningi við Steindór Sigurðsson vegna aksturs nemenda, og var honum falið að ganga frá honum með lítilsháttar breytingum.
7. Ingólfur Halldórsson lagði fram dreg að samningi um leigu í Gagnfræðaskólanum í Keflavík fyrir 4 kennslustofur part úr degi fyrir námshópa úr Fjölbautaskólanum. Farið verður eftir viðurkenndu leigukerfi, þæð föst leiga á fermetra, og síðan hlutfall af ræsti-, ljósa-, hitakostnaði þar.
8. Skólameistari vakti athygli á útlarpsefinði Kristínar Páladóttur um daginn, og mætarfsemi bókasafna. Var þar fjallað um þjónustu bókasafna á Söðurnesjum við nemendur FS.
9. Formaður skólanefndar ítrekaði óskir sínar um að fundargerðir skólanefndar, sem liggja fyrir vélritaðar, verði færðar inn í fundargerðarbók þar sem nefndarmenn geti undirritað þær. Fundargerðirnar eru þegar innfærðar í slíka bók að tölunni 68, og verða allar innfærðar á næsta fundi.
10. Sturlaugur Ólafsson flutti og lagði fram fjölbitaða skýrslu sína og Sturlaugs Björnssonar um námskeiðaferð til Kaupmannahafnar s.l. sumar, sbr. 68. fundargerð, en þangað fóru ásamt þeim 12 aðrir skólameñn af Íslandi. Fararstjóri var Kristín Ísaksdóttir. Snýst skýrslan um tilhögun verknámsbrauta-náms í 4 skólum í og við Kaupmannahöfn, búnað þeirra og samband við atvinnurekstur. Skýrslan verður afhent nefndarmönnum síðar í ljósriti. Fleira var ekki gerð. Valtýr Guðjónsson, ritari.

SKÓLANEFNDARFUNDUR

Fimmtudagur, 04 nóvember 1982.

Á síðasta skólanefndarfundum var stjórn N.F.S. falið að kanna hagstæðustu leiðir til úrlausnar á því sem í daglegu tali nemenda hefur verið nefnt mótuneytismálið. Við teljum að ódýrasta lausnin fyrir sveitar og bæjarfélögin sé þessi:

Skipta má kostnaði í tvennt:

- a) Kostnað við tækjakaup
- b) Hráefniskostnað

- a)1. Mötuneytisörbylgjuofn ca. 25.000 kr.
- a)2. Frystikista 203 l. ca. 9.990 kr.
Frystikista 321 l. ca. 11.000 kr.
- a)3. Kostnaður vegna breytingar á aðstöðu í mótuneyti (stækkun eldunaraðstöðu á kostnað bókhlöðu).
- b) Matarpakkar fyrir örbylgjuofn fást hjá Goða á viðráðanlegu verði fyrir nemendur.

Stjórn N.F.S. vill því fara þess á leit við sveitarfélögin að þau greiði kostnaðarlið a, en nemendur sjái sjálfir um hráefniskostnað þ.e. b lið.

Fyrir hönd N.F.S.

Kalla Björg Karlsdóttir
Kalla Björg Karlsdóttir form.

Gylfi J. Gylfason
Gylfi Jón Gylfason ritari

Þorvaldur Arnason
Þorvaldur Arnason gjaldkeri

Axel Nikulásson
Axel A. Nikulásson varaform.

Guðný Reynisdóttir
Guðný Reynisdóttir meðstjorn.